

Fundargerð aðalfundar Regins hf.

2017

Aðalfundur Regins hf. var haldinn miðvikudaginn 15. mars 2016 í Hörpu, tónlistar- og ráðstefnuhúsi, í Björtuloftum, Austurbakka 2, 101 Reykjavík, fundurinn hófst klukkan 16:00.

Fundarstörf:

1. Fundasetning og skipun fundarstjóra:

Fundurinn hófst með að formaður stjórnar Benedikt K. Kristjánsson setti fundinn. Stungið var upp á Helga Jóhannessyni hrl. sem fundarstjóra og var tillagan samþykkt.

2. Boðun fundarins:

Helgi Jóhannesson tók við stjórn fundarins.

Fundarstjóri lagði til að Dagbjört E. Einarsdóttir hdl. yrði kjörin fundarritari. Tillagan var samþykkt. Fundarstjóri greindi frá því að til fundarins hefði verði boðað skv. 16. gr. samþykka félagsins með birtingu auglýsinga í Morgunblaðinu og Fréttablaðinu, heimasíðu Kauphallar og félagsins 21.-24. febrúar 2017 og væri fundurinn því lögmætur aðalfundur félagsins. Fundarstjóri upplýsti um að mætt væri á aðalfundinn fyrir 52,46% hlutfjár.

3. Dagskrá:

Stjórnarformaður, Benedikt K. Kristjánsson, flutti skýrslu stjórnar. Stjórnarformaður kynnti að hann myndi ekki gefa kost á sér í embætti stjórnarformanns á komandi ári. Að því búnu fór forstjóri félagsins, Helgi S. Gunnarsson, yfir reikninga félagsins vegna ársins 2016 og kynnti helstu verkefni sem ráðist var í á árinu, auk framtíðaráforma.

Allar tillögur sem lágu fyrir fundinn voru samþykktar samhljóða en þær voru eftirfarandi og halda númerum frá dagskrá:

1. Ársreikningur:

Aðalfundur samþykkti ársreikning félagsins vegna ársins 2016.

2. Ákvörðun um ráðstöfun hagnaðar félagsins á reikningsárinu 2017:

Aðalfundur samþykkti að ekki yrði greiddur arður á árinu 2017 en að öðru leyti vísast til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum félagsins á árinu. Hagnaður verður fluttur til næsta árs.

3. Starfskjarastefna:

Stjórnarformaður gerði grein fyrir framlagðri starfskjarastefnu sem er óbreytt frá fyrra ári. Aðalfundurinn samþykkti framlagða starfskjarastefnu.

4. Heimild til kaupa á eigin hlutum:

Ekki var lögð fram tillaga um kaup á eigin bréfum.

5. Breyting á samþykktum félagsins.

Ekki lágu fyrir fundinum tillögur um breytingar á samþykktum félagsins.

6. Kosning stjórnar félagsins:

Fyrri stjórn félagsins var sjálfkjörin. Stjórn félagsins skipa eftirfarandi aðilar:

Albert Þór Jónsson, kt. 180562-3119
Benedikt K. Kristjánsson, kt. 190952-4879
Bryndís Hrafnkelsdóttir, kt. 070867-7899
Sigríður Hrefna Hrafnkelsdóttir, kt. 180577-4249
Tómas Kristjánsson, kt. 151165-3389

Eftirtaldir aðilar voru sjálfkjörnir í varastjórn:

Finnur Reyr Stefánsson, kt. 141069-3659
Hjördís D. Vilhjálmisdóttir, kt. 100369-5839

7. Kosning endurskoðanda:

Aðalfundur samþykkti að KPMG ehf., Borgartúni 27, 105 Reykjavík, yrði endurkjörið endurskoðunarfyrtæki félagsins.

8. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir næsta kjörtímabil:

Aðalfundur félagsins samþykkti eftirfarandi þóknun til stjórnarmanna, varastjórnar og undirnefnda stjórnar:

Stjórnarformaður: 600.000 kr. á mánuði.

Meðstjórnendur: 300.000 kr. á mánuði.

Varamenn: 150.000 kr. fyrir hvern setinn stjórnarfund, þó ekki hærra en 275.000 kr. fyrir hvern mánuð.

Seta í undirnefndum stjórnar: 60.000 kr. fyrir hvern setinn fund.

9. Önnur mál:

Engin önnur mál voru tekin til afgreiðslu á fundinum.

Fundi slitið kl. 16.40



Helgi Johannesson hrl.



Dagbjört E. Einarsdóttir, hdl.